

Metaðsókn á Kótelettuna



Myndasýrpa á bls.13

Love Guru hefur tryllt lýðinn 12 sinnum á Kótelettunni og var engin undantekning þar á um liðna helgi. Mynd: Mummi Lú

Kótelettan, grill-, tónlistar-, og fjölskylduhátíð var haldin í 12. sinn á Selfossi um síðustu helgi. Á inni- og útsviði við Hvíta húsið á Selfossi kom fram rjóminn af íslensku tónlistarfólki á rosalegum tónleikum bæði á föstu- og laugardagskvöld.

Í Sigtúnsgarði var meðal annars boðið upp á tívolí, markaði, veltibílinn, barnaskemmtun og að sjálfsögðu Stóru grillsýninguna þar sem gestir gátu kynnt sér flottustu grillin og allt það besta á grillið frá íslenskum framleiðendum í sumar. Sérstakir heiðursgrillarar

voru á staðnum en þau fengu það vandasama verkefni að kjósa grillpylsu ársins í blindri smökkun. Úr varð að Ali Cheddar Bacon Jalapeno pylsan hlaut fyrsta sætið en dómaramir voru Hrefna Sætran, Alfreð - BBQ kóngur, Ragnar Freyr - Læknirinn í eldhúsinu, Sölvi Hilmarsson sem var fulltrúi kótelettunnar, Jón Gísli Jónsson, fulltrúi kjötiðnaðarmanna „og Gísli Felix Bjarnason var gripinn glóðvolgur og grunlaus til að vera fulltrúi hátíðargesta,“ segir Einar Björnsson, framkvæmdastjóri Kótelettunnar og hlær.

Íslensk tónlist laðar að

Að sögn Einars gekk hátíðin heilt yfir mjög vel. „Þrátt fyrir að veðurspáin hafi verið sú versta í sögu hátíðarinnar lét fólk það ekki á sig fá en við áætluðum að það hafi verið um 10.000 manns sem komu á Stóru grillsýninguna á laugardaginn og það var met aðsókn á tónleikana en það voru í kringum 4000 manns sem mættu á þá. Fólk var greinilega orðið spennt fyrir því að fá að hlusta á íslenska tónlist og skemmta sér,“ segir Einar að lokum.

HGL

Langþráðu landsmóti lokið



Mynd: hestafrettir.is/Fjölur Þorgeirsson

Á laugardagskvöld lauk landsmóti hestamanna sem haldið var á Rangárbökkum við Hellu. Mótshaldarar höfðu mátt bíða og fresta í tvö ár, vegna heimsfaraldurs, svo það var sannarlega mikil gleði ríkjandi við bakka Rangár í vikunni sem leið. Loksins landsmót, heyrðist sagt hvar sem tveir eða fleiri komu saman og létu lítið á sig fá rigningarskúr og leiðinda rok öðru hvoru. Það skipti ekki máli.

Allt gekk eins og best mátti verða þrátt fyrir það. Sýningar og keppni tókust vel og altalað var að sjaldan eða aldrei hefði annar eins hestakostur komið saman á einum stað. Sérstaklega hafði svo heimildamaður orð á því hversu góð umgengnin hefði verið á svæðinu öllu og vert að hrósa mótsgestum fyrir einstaka snyrtimennsku.

HRE

Jón G. Valgeirsson er nýr sveitarstjóri í Rangárþingi Ytra



Nánar á bls.14

Fáðu fagmann í verkið



PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



Rafverktakar · Verslun Öryggis-, myndavéla- og loftnetskerfi



Neyðarsími 660 1160

Eyraveggi 32 · Selfossi · Sími 480 1160
www.arvirkinn.is



Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - f /keyrsla.is

AUGLÝSING UM ÚTBOÐ



Fasteignafélag Árborgar slf óskar eftir tilboðum í framkvæmdina:

STEKKJASKÓLI 2. ÁFANGI ALÚTBOÐ - HÚSBYGGING,
 Útboð nr. 2006052

Lauslegt yfirlit yfir verkið:

Verkið felst í áframhaldandi uppbyggingu Stekkjaskóla í Björkurstykki á Selfossi, annar áfangi. Byrjað er að reisa fyrsta áfanga skólabyggingarinnar og er stefnt að því að taka bygginguna í notkun í lok árs 2022. Þá er einnig lokið við smíði og uppsetningu á færanlegum skólastofum grunn-skólans. Verkefnið, Stekkjaskóli í Björkurstykki, 2. áfangi, skiptist í fullnaðarhönnun og byggingu annars áfanga skólans. Fullnaðarhönnun skal byggja á fyrirliggjandi forhönnun Hornsteina arkitekta og Eflu verkfræðistofu og er ætlast til þess af bjóðendum að þeir fylgi þeirri forskrift sem þar er lýst en ekki að þeir leggi til nýjar lausnir í stærð mannvirkis, formi þess eða skipulagi.

Framkvæmdum skal að fullu lokið 5. júlí 2024

Tilboðum skal skila rafrænt í útboðskerfinu Ajour
 Útboðsgögn verða afhent á útboðvef sem er aðgengilegur hér: <https://arborg.ajoursystem.net/Tender/DirectLink/fa667ca7-aa8d-4810-affed8a4a11ef321>

Tilboðum skal skila rafrænt í útboðskerfinu Ajour. Tilboð skulu sett fram með þeim hætti sem sett er fram í útboðskerfinu og í samræmi við skilmála útboðs og hlaða upp þeim skráum sem gerð er krafa um. Bjóðandi fær staðfestingarpóst þegar hann hefur skilað tilboði. Ef enginn póstur berst, hefur afhending ekki tekist. Bjóðendur skulu í þeim tilfellum leita til Ajour þjónustuaðila án tafar. Bjóðandi ber ábyrgð á að tilboð berist á réttum tíma og eru hvattir til að hefja tímanlega vinnu við að skila þeim inn.

Skilafrestur tilboðs er til kl. 14:00 þriðjudaginn 23. ágúst 2022

Opnun tilboða verður framkvæmd með rafrænum hætti á útboðsvefnum eftir að skilafrestur tilboða er liðinn. Bjóðendum verður því ekki boðið að mæta á opnunarfund en í kjölfar opunar tilboða verður bjóðendum sent opnunarýfirlit rafrænt.

Fasteignafélag Árborgar slf

Jórvík verður aðalstyrktaraðili Sumar á Selfossi

Jórvík fasteignir ehf skrifaði undir styrktarsamninga til þriggja ára við Knattspyrnufélag Árborgar og knattspyrnu-deild Selfoss á dögunum, en með samningnum við Árborg verður Jórvík fasteignir aðalstyrktaraðili bæjarhátíðarinnar Sumar á Selfossi.

Undirritunin fór fram við reisugil fyrir fyrstu húsin sem risin eru í nýja Jórvíkurhverfinu á Selfossi í götunni Bergvík. Undir samninginn skrifuðu þeir Snorri Sigurðsson, framkvæmdastjóri Jórvíkur fasteigna ehf, Eiríkur Sigmarsson stjórmaður í Knattspyrnufélagi Árborgar og Jón Steindór Sveinsson, formaður knattspyrnudeildar Selfoss.

Ánægja með samninginn

„Það er okkur mikil ánægja að ná samningum við Knattspyrnufélag Árborgar og knattspyrnu-deild Selfoss. Það er markmið okkar, forsvarsmanna Jórvík fasteigna, að reyna að efla nærsamfélagið og þá sérstaklega íþrótt- og menningarviðburði þar sem þeir tengja íbúa sveitarfélagsins saman. Það er okkur því mikill heiður að verða aðalstyrktaraðilar Sumars á Selfossi, sem og að hjálpa til við frekari innviðaupbyggingu hjá knattspyrnudeild Selfoss til næstu þriggja ára. Það er okkar von að samstarfið verði öllum aðilum farsælt og sveitarfélaginu Árborg í heild sinni,“ sagði Snorri



Mynd: sunnlenska.is/Guðmundur Karl

við undirritunina.

Knattspyrnufélag Árborgar er framkvæmdaaðili bæjarhátíðarinnar Sumar á Selfossi og var Eiríkur hjá Árborg á sama máli með að ánægja ríkti yfir samningnum.

„Jórvík fasteignir verða aðal styrktaraðili Sumars á Selfossi 2022 til 2024. Þessi fjölskyldu- og bæjarhátíð er stærsta fjáröflun Knattspyrnufélags Árborgar og fer fram aðra helgina í ágúst. Samningur við Jórvík fasteignir gerir okkur kleift að tryggja að aðbúnaður, aðstaða og þjálfun hjá félaginu sé í hæsta gæðaflokki og sambærileg því sem gerist hjá knattspyrnudeild Selfoss. Það er mat okkar hjá Árborg að samstarfið skili því að við munum sjá fleiri uppaldar knattspyrnumenn í meistara-

flokkum félaganna á komandi árum,“ sagði Eiríkur.

Jón Steindór, formaður knattspyrnudeildar Selfoss er þakklátur og segir styrkinn ekki sjálfgefinn.

„Knattspyrnudeild Selfoss leggur mikið upp úr því að hafa umgjörð í kringum meistara-flokka félagsins eins og best verður á kosið hérlandis. Aðkoma Jórvík fasteigna er mjög mikilvæg og gríðarleg innspýting í þá vinnu sem unnin hefur verið undanfarin ár. Það er ekki sjálfgefið að fyrirtæki styðji við bakið á íþrótt- og tómstundastarfi í sinni heimabyggð með svona sterkum hætti og erum við í knattspyrnudeildinni því virkilega þakklát og vonumst eftir farsælu samstarfi,“ sagði Jón Steindór.

Helstu verkefni lögreglunnar á Suðurlandi

Lögreglan hefur haft nóg á sinni könnu undanfarna daga en 40 ökumenn voru kærðir fyrir að aka of hratt í umdæminu, 17 fíkniefnamál komu upp, 3 kynferðisbrotamál og 18 umferðarslys voru skráð á Suðurlandi í liðinni viku, þar af eitt banaslys.

Viðbragðsaðilar voru kallaðir til vegna alvarlegs umferðarslyss á Meðallandsvegi, skammt sunnan við Kirkjubæjarklaustur, um kl. 3 á aðfaranótt föstudags þar sem bifreið hafði oltið. Þýrla Landhelgisgæslunnar var kölluð út og flutti hún tvo alvarlega slasaða af vettvangi á slysadeild Landspítalans í Fossvogi en kona sem var farþegi í bílnum lést. Ökumaður bílsins slapp án meiðsla en hann er grunaður um ölvun við akstur bifreiðarinnar.

Oddur Árnason, yfirlögregluþjónn á Suðurlandi, staðfesti í samtali við mbl.is að þau sem lentu í slysinu hafi verið ungt heimafólk. Boðið var upp á bænastund í Prestsbakkakirkju á föstudagskvöld. Annað slys varð á Fjallabaksleið á föstudag en þar rákust saman tvær bifreiðar. „Tveir fluttir af vettvangi í sjúkrahúsi en aðrir ómeiddir. Hálendisgæsla Landsbjargar aðstoðaði á vettvangi við fyrstu aðgerðir enda staðsett í Landmannalaugum, skammt frá vettvangi, með bækistöðvar sínar,“

segir í dagbók Lögreglunnar á Suðurlandi.

Þann vindasama 7. júlí varð tjón á þremur húsbílum í þremur aðskildum málum í Öræfum þegar þeir fuku út af vegi og skemmdust verulega. Meiðsli á ökuhöfðum og farþegum voru minniháttar. Björgunarsveitarfólk Landsbjargar hafði líka í nógu að snúast því aðstoða þurfti veðurteppt fólk á Fimmvörðuhálsi, villta hestamenn á Fjallabaksleið og örmagna göngufólk á Laugavegi.

Landsmót, flughátíð og Kótelettan

Landsmót hestamanna fór fram á Rangárbökkum í liðinni viku, á Helluflugvelli var flughátíð og á Selfossi var „Kótelettan“ haldin og eðli málsins samkvæmt mjög margir á ferð í kring um þessi hátíðahöld auk þess sem sumarfrí eru í gangi með tilheyrandi umferðarþunga á vegum umdæmisins. Finnst lögreglunni efni til þess að hrósa mótshöldurum fyrir skipulag og gæslu og

mótsgestum allra þessara hátíða almennt fyrir framgöngu.

Verulega var bætt í löggæslu vegna þessara viðburða og gekk hún almennt vel. Meðal aðstoðarliðs var fíkniefnahundur Lögreglunnar í Vestmanneyjum og leiddi þátttaka hans í gæslunni til þess að 17 fíkniefnamál komu upp. Þau varðað öll vörslu og neyslu efna, ýmist kannabísefni, amfetamín eða kókaín. Ein stúlka leitaði aðstoðar lögreglu vegna vanlíðunar, lýsti neyslu fíkniefna og áfengis og var ekið að sjúkrahúsi. Þegar þangað kom hætti hún að svara lögreglumönnum og hófust þá þegar endurlífgunartilraunir á plani sjúkrahússins. Þær báru árangur og henni komið í hendur sjúkraliðs sem einnig var komið á vettvang.

Þrjár kærur vegna kynferðisbrota bárust lögreglu í liðinni viku og tengist eitt þeirra rannsókn á heimilisofbeldismáli sem einnig var tilkynnt í liðinni viku. Þau mál eru til rannsóknar hjá rannsóknardeild.





Ert þú öflugur leiðtogi?

Deildarstjóri framkvæmdasviðs

Við leitum að öflugum einstaklingi í stöðu deildarstjóra framkvæmdasviðs á Suðurlandi með starfsstöð á Selfossi. Meginverkefni framkvæmdasviðs er vinnuflokkastarfsemi ásamt rekstri og viðhaldi véla, bifreiða og annarra tækja og áhalda sem þarf vegna verkefna sviðsins.

Helstu viðfangsefni og ábyrgð:

- Leiða og styðja öflugan hóp starfsmanna
- Umsjón og eftirlit með starfsemi vinnuflokka
- Ábyrgð á verkefnum deildarinnar
- Móttaka, úthlutun og eftirfylgni með verkbeiðnum
- Ábyrgð með gæða-, umhverfis- og öryggismálum
- Ábyrgð og eftirlit með útgjöldum og tekjum deildarinnar
- Þátttaka í svæðisráði

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á rafmagnssviði sem nýtist í starfi
- Reynsla af stjórnun er æskileg
- Reynsla af rafveitustörfum er æskileg
- Skipulagshæfni, nákvæm vinnubrögð og frumkvæði í starfi
- Jákvætt viðhorf, þjónustulund og færni í mannlegum samskiptum
- Áhugi og þekking á gæða-, umhverfis- og öryggismálum
- Reynsla af verklegum framkvæmdum

Deildarstjóri netreksturs

Við óskum eftir að ráða deildarstjóra netreksturs á rekstrarsviði með starfsstöð á Selfossi. Meginverkefni rekstrarsviðs eru hönnun, nýframkvæmdir, breytingar, viðhald og rekstur dreifikerfisins.

Helstu viðfangsefni og ábyrgð:

- Ábyrgð á rekstri dreifikerfis á Suðurlandi
- Ábyrgð á hönnun dreifikerfa
- Áætlanagerð, kostnaðareftirlit og frávikagreining verka
- Stjórnun og þátttaka í svæðisvöktum
- Leiða og styðja öflugan hóp starfsmanna
- Samskipti við verktaka, opinbera aðila og aðra viðskiptavini
- Ábyrgð með gæða-, umhverfis- og öryggismálum
- Þátttaka í svæðisráði

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði rafmagnsverkfræði eða rafmagnstæknifræði með áherslu á sterkstraum
- Reynsla af rekstri raforkukerfis er æskileg
- Reynsla af stjórnun eða verkefnastjórnun er æskileg
- Skipulagshæfni, nákvæm vinnubrögð og frumkvæði í starfi
- Jákvætt viðhorf, þjónustulund og færni í mannlegum samskiptum
- Áhugi og þekking á gæða-, umhverfis- og öryggismálum
- Góð tölvu- og tungumálakunnátta

RARIK ehf. er opinbert hlutafélag í eigu ríkisins með meginstarfsemi í dreifingu raforku auk þess að reka fimm hitaveitur. Starfsfólk RARIK eru um 200 og starfsstöðvar 20. Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á www.rarik.is.

Umsóknarfrestur er til og með **18. júlí 2022**. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og þarf henni að fylgja starfsferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi. Áhugasamir aðilar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um starfið. Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál og þeim svarað að ráðningu lokinni.

Minning: Árni Gunnarsson



Fyrsta minningin af Árna Gunnarssyni er frá eldgosinu í Vestmannaeyjum í janúar 1973. Lýsingar hans frá gosinu voru kjarnmyrtar enda Árni af þeim skóla fréttamanna sem töluðu gott íslenskt mál. Árni kjörinn til þingmennsku fyrir Alþýðuflokkinn, 1978-1983 og 1987-1991.

Leiðir okkar Árna lágu saman þegar Samfylkingin var stofnuð árið 2000. Þegar kjördæmisráðið í Suðurbjörddæmi er stofnað ári seinna er ég kosinn formaður og Árni varaformaður. Við tókum hlutverk okkar alvarlega og á næstu árum ferðumst við um allt kjördæmið. Það voru skemmtistundir, enda Árni mjög góður sögumaður og hafði upplifað margt. Sögur frá tíma hans á fréttastofu ríkisútvarpsins, af Stefáni Jónssyni og Sigurði Einarssyni óborganlegar, og mergjaðar lýsingar úr ferð hans til Vietnam þegar Bandaríkjamenn börðust þar vonlítilli baráttu.

Fyrir alþingiskosningarnar 2003 var ákveðið að Samfylkingin væri með opið prófkjör í Suðurbjörddæmi. Við vissum

að það gæti haft í för með sér átök og viðbúið að einhverjir gengu sárir frá borði. Þetta var eftirminnilegt prófkjör, margir frambjóðendur opnuðu kosningaskrifstofur, það voru haldnir kynningafundir og hægt var að kjósa utankjörfundar sem byrjaði 2 vikum fyrir kjördag. Þegar talning atkvæða átti að hefjast á laugardagskvöldið var veður með versta móti og ekki hægt að ná í kjörkassa úr Vestmannaeyjum. Þegar Herjólfur kom um hádegisbilið á sunnudeginum til Þorlákshafnar sóttum við Árni Eyjakassann og þá gat talningin loksins hafist.

Niðurstaðan var sterkur framboðslisti, við kosningarnar var flokkurinn sá stærsti í kjördæminu (29,7 %) og 4 þingmenn. Í prófkjörum er oft hart tekst á og þá er mikilvægt að trúnaður ríki milli þeirra sem eru í framboði og þeirra sem þurfa að vinna að framkvæmdinni. Árni var sá mannkostamaður að honum treystu allir.

Árni missir föður sinn 10 ára gamall. Hann var í sveit í Næfurholti á Rangárvöllum nokkur sumur og hélt alltaf tryggð við fólkið þar.



Sunnlendingar minnst Árna sem framkvæmdastjóra Heilustofnunar NLFÍ í Hveragerði, 1992-2004.

Árni var sannur talsmaður jafnaðarstefnunnar og traustur samstarfsmaður, hann minnti okkur á grunnildi jafnaðarstefnunnar og hvatti okkur til verka. Það er gott að minnst Árna. Eigin konu Árna, Hrefnu og dætrum þeirra og fjölskyldum sendi ég mínar innilegustu samúðarkveðjur.

Kristinn M. Bárðarson

Hugjónir jafnaðarstefnunnar voru ofnar inn í öll viðhorf Árna til lífsins. Hann lifði og hrærðist fyrir félagslegu réttlæti og barðist fyrir framgangi jafnaðarmanna allt sitt líf.

Á fyrstu starfsárum Samfylkingarinnar varð til þéttur og samstilltur hópur í hinu nýja Suðurbjörddæmi. Þar var Árni í lykilhlutverki og bundumst við traustum vinarböndum.

Væntingar um forystuhlutverk og framgang sameinaðs flokks frá vinstri yfir miðjuna voru miklar. Fyrsta áratuginn gengu þær að miklu leyti eftir. Í tvígang, árin 2003 og 2009, var Samfylkingin stærsti flokkurinn í Suðurbjörddæmi og vann

eftirminnilega sigra á vettvangi sveitarstjórna.

Á bak við þennan árangur stóð vösk sveit fyrrum forystufólks úr A-flokkum, Þjóðvaka og Kvinnalista. Þaðan kom hugsjónaeldurinn sem keyrði stofnun flokksins áfram og hleypti nýju lífi í baráttu fyrir félagshyggju, lýðræði og jöfnuði.

Árni var klassískur krati. Hugsaði með höfðinu og fann til með hjartanu. Mikill ljómi leikur um þann tíma sem við vorum samferða Árna. Það er með mikilli þökk sem við sendum fjölskyldu og aðstatndendum hans kærar samúðarkveðjur.

Björgvin G. Sigurðsson



Ég þakka Líneyju systur fyrir áskorunina. Ég er mikið fyrir að elda súpur frá grunni og ætla að deila með ykkur þeirri sem ég elda oftast.

Kúrbítssúpa

1 græn paprika
1 meðalstór kúrbítur
1 laukur
3-5 hvítlauksgeirar
500 ml grænmetissoð
1 grænmetisteningur
¼ - ½ tsk cayenne-pípar
Sjávarsalt eftir smekk
1 dós kókosrjómi (má líka nota venjulegan rjóma)
2 msk balsamik edik
Hnefayfylli fersk basilíka söxuð
Olía til steikingar

Skerið grænmetið í bita og steikið í potti í nokkrar mínútur. Saxið hvítlauk og bætið út í Sjóðið saman í öðrum potti vatn og grænmetiskraft (ég nota glútenlausan kraft frá Rapunzel)
Hellið soðinu yfir grænmetið og sjóðið í 20-30 mínútur
Bætið saxaðri basilíkunni og kókosrjómanum saman við og sjóðið í 2-3 mín
Maukað með töfrasprota
Bragðbætið með sjávarsalti og balsamediki.

Súpan er borin fram með góðu brauði.

Ég skora á Katrínu Rut Sigurgeirsdóttur að deila með okkur uppskrift í næsta blaði.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



Sigurlína Kristinsdóttir.
er matgæðingurinn þessa viku

Þar sem ég borða sjaldan eftirrétti vegna sykurmagns, þá mæli ég með góðum kaffibolla og einfaldasta eftirréttinum og líklega þeim hollasta líka.

Súkkulaði búðingur

Ein ferna isola Bio kókosrjómi
1 msk kakó eða kannski smá meira
1-2 msk Yacon síróp
6 stk saxaðar pekan hnetur

Hrærið vel saman rjóma, kakó og síróp. Setjið í skál toppið með uppáhalds berjunum og stráðið hnetum yfir. Ég nota oftast bláber, hindber og jarðarber.

Ámundi að Kvoslæk

Laugardaginn 16. júlí kl 15 Lverður næsta Gleðistund að Kvoslæk en þær hófust þann 26. júní.

Árndís S. Árnadóttir listfræðingur mun segja frá Ámunda Jónssyni smíð, sem reisti 13 kirkjur í Árnes- og Rangárvallasýslum í byrjun 19. aldar, auk þess að smíða fjölda kirkjugripa sem enn má finna í kirkjum t.d. skírnarfontinn í Odda.

Guðrún Arndís Tryggvadóttir

myndlistarmaður gaf 2019 út bókina Lifsvær sem fjallar um Ámunda, líf hans og verk. Í bókinni eru greinar eftir Arn-dís og fleiri og vatnslitamyndir Guðrúnar en hún hélt sýningu á vegum Listvinafélags Hallgrímskirkju 2019 þar sem þessar myndir voru sýndar. Guðrún er búsett á Selfossi og verður líka hjá okkur með nokkrar af vatnslitamyndunum um líf Ámunda og nokkrar bækur.



Myndin er af 13 kirkjum Ámunda eftir Guðrúnu.

Ný störf
auglýst í hverri viku!

»DFS.IS
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

»DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi,
Eyravegi 25, 800 Selfoss,
sími 482 1944, dfs@dfs.is, www.dfs.is.
Ritstjóri: Björgvin Rúnar Valentinsson,
sími 856 0656, dfs@dfs.is.
Auglýsingadeild: Sími 482 1944,
auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi.
Upplag 5.200 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á mánudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



Gáta vikunnar

Vísnaðgátur-höf:
Páll Jónsson
Útg. Bókaútgáfan HÓLAR

Á Kjalarnesi kotið lá,
kemur stundum veg minn á.
Bundin er á báða skó,
buxnastrenginn vikkar þó.

Svar við gátu í blaði 2655: REIÐI

3. Lína: Ól á hnakk, spennt undir tagl/stert á hesti
4. Lína: t.d. Eiði, malarkambur



Kliður af köllun friðar

Megin efni Skálholtshátíðar 2022 verður kliður af köllun okkar til friðar í heiminum en kliðurinn er þegar hillir undir sáttargjörð og friður getur verið í auglýn. Það verður ekki síður gleðiefni að sjá meira og meira af nýju steinþaki og hvítmáluðum veggjum kirkjunnar koma í ljós. Kirkjuklukkurnar verða vígðar með nýjum búnaði og óma á hátíðinni en rétt tuttugu ár eru síðan sú danska féll niður og brotnaði. Tilefni Skálholtshátíðar er ærið og allir velkomnir. Við leggjum á djúpið eftir Drottins orði. Hún er haldin sem næst Þorláksmessu á sumar sem er 20. júlí. Þorláksmessan 23. desember er dánardagur heilags Þorláks Þórhalssonar Skálholtsbiskups árið 1193 en 20. júlí er þess er minnst er bein hans voru lögð í skrínið.

Hátíðarmessan er kl. 14 sunnudaginn 17. júlí og þjóna þar sr. Kristján Björnsson, vígslubiskup, sr. Sveinn Valgeirsson, dómkirkjuprestur og sr. Arna Grétarsdóttir, sóknarprestur á Reynivöllum í Kjós ásamt öðrum vígðum og óvígðum. Organisti er Jón Bjarnason og stýrir hann einnig Skálholtskórnum og öðru tónlistarfólki. Svanhildur Sól Sigurbjarnardóttir og Jóhann I. Stefánsson leika á trompeta. Skálholtsstaður býður í kirkjukaffi og eftir það, kl. 16, hefst hátíðardagskrá í kirkjunni. Aðal ræðumenn verða dr. Gunnlaugur

A. Jónsson, fv. prófessor, og Eva María Jónsdóttir, sjónvarpskona og verkefnastjóri hjá stofnun Árna Magnússonar. Þar syngur einnig Skálholtskórinn og verða fleiri ávörp og fréttir af staðnum.

Eitt þakkarefnið er að Skálholtshátíð hefur ekki fallið niður í heimsfaraldrinum frekar en Sumartónleikarnir í Skálholti. Allan Covíd tímarnir hefur verið beðið fyrir heilbrigðisstarfsfólki og öllum þeim er faraldurinn hefur skaðað. Hátíðin núna er og upptaktur að 60 ára vígsluafmæli Skálholtsdómkirkju á næsta ári.

Tónleikar Skálholtskórsins og Jóns Bjarnasonar verða laugardaginn 16. júlí kl. 16 og verður það Bach-veisla mikil. Jón verður einnig með orgeltónleika á sunnudeginum kl. 11. Segja má að hátíðin hefjist snemma laugardag með útímessu við Þorlákssæti og verður safnast saman við kirkjudyr kl. 9. Síðan verða kvölds og morgna sungnar tíðir undir forystu Ísleifsreglunnar og enda á sunnudag eftir hátíðar-

dagskrá með því að syngja Te Deum.

Í aðdraganda hátíðarinnar verður gengin pílgrímaganga frá Reynivöllum í Kjós um Þingvelli og allt til þess að gengið verður inn við upphaf hátíðarmessunnar á sunnudag. Hægt er að taka þátt í hverjum degi fyrir sig en síðasti leggurinn er frá pílgrímaskilti á Laugarvatnsvegi (37) á mótis við Neðra Apavatn og til messu. Þessa göngu leiðir sr. Arna Grétarsdóttir og hefst hver ganga kl. 9 árdegis. Hátíðleg móttaka er í upphafi messunnar undir pílgrímasöngnum Fögur er foldin.

Enginn aðgangseyrir er að dagskránni, tónleikum eða helgi-haldi. Vilji fólk styrkja endurbótastarfið í Skálholti er baukur og bankaupplýsingar fyrir Verndarsjóð Skálholtsdómkirkju og Áheitasjóð Þorláks helga. Hægt er að kaupa sér máltíðir á veitingastaðnum Hvönn í Skálholtsskóla og fáein herbergi eru enn laus til gistingar á Hótel Skálholti.



Skálholtskórinn á fyrri Skálholtshátíð

Snjalltækjanámskeið fyrir 67 ára og eldri



Sveitarfélagið Árborg hefur ákveðið að halda tækni-námskeið fyrir 67 ára og eldri. Tveir kennarar úr Vallaskóla munu taka að sér kennslu á helstu snjalltæki (sími og/eða spjaldtölva) í Mörkinni 19. og 20. júlí milli kl. 8 og 11. Námskeiðið samanstendur af fræðslu ásamt spurningum og persónumiðaðri kennslu á snjalltæki. Engar hæfniskröfur, bara skrá sig og mæta með snjalltækið.

Skráning er í þjónustuveri Árborgar í síma 480-1900.

Tímasetningar:

19. júlí kl. 8-11 **12 pláss í boði**
20. júlí kl. 8-11 **12 pláss í boði**

Staðsetning: Stóra salnum Mörkinni (Mörk)
Fyrir hverja: Alla íbúa Árborgar 67 ára og eldri

DFS.is
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Nýjar fréttir á hverjum degi!



Nú er opið á laugardögum

Við bætum þjónustuna á Selfossi með því að hafa opið á laugardögum milli klukkan 10:00 og 14:00.



FB
FÓÐURLANDAN

www.fodur.is
fodur@fodur.is

FB Reykjavík
Korngarðar 12
570 9800

FB Selfoss
Austurvegur 64 a
570 9840

FB Hvolsvöllur
Dufpaksbraut 1
570 9850

SENDUM UM ALLT LAND

VERSLUNARSTJÓRI

Óskum eftir metnaðarfullum einstaklingi í frábæra starfsmannahópinum okkar á Hellu. Staðan er laus í lok ágúst. Frábært tækifæri fyrir réttan einstakling :)

Starfshæfni: góð mannleg samskipti, þjónustulund, skipulagni og starfsmannahald almenn gleði.

Umsóknir og fyrirspurnir berist:

loa@almarbakari.is eða
almarbakari@gmail.com



Sveitarfélagið Árborg ÚTBOÐ



Fasteignafélag Árborgar slf óskar eftir tilboðum í: „Útrás og jarðvinna hreinsistöðvar“

Verkið felur í sér lagningu útrásar- og yfirfallslagna frá væntanlegri hreinsistöð fyrir Selfoss, að Ölfusá við Geitanes. Einnig skal gera útrás út í Ölfusá í Geitanesflúðum og grafa fyrir hreinsistöðinni. Að lokum skal ganga frá yfirborði vinnusvæðis á sem bestan hátt í samráði við eftirlit.

Helstu magntölur eru:

Gröftur á lausu efni 13.200 m³
Slóðagerð. 1.300 m³
Sprengingar / Fleygun. 4.000 m³
Gerð varnargarðs út í Ölfusá 1.650 m³
Fráveitulógn Ø 800 mm 735 m

Verkinu skal að fullu lokið 15. apríl 2023.

Útboðsgögn verða afhent á útboðsvef sem er aðgengilegur hér: <https://arborg.ajoursystem.net/Tender/DirectLink/156826cc-47c2-4a93-a0c7-e89dd5764fa6>

Tilboðum skal skila rafrænt í útboðskerfinu Ajour. Tilboð skulu sett fram með þeim hætti sem sett er fram í útboðskerfinu og í samræmi við skilmála útboðs og hlaða upp þeim skráum sem gerð er krafa um. Bjóðandi fær staðfestingarpóst þegar hann hefur skilað tilboði. Ef enginn póstur berst, hefur afhending ekki tekist. Bjóðendur skulu í þeim tilfellum leita til Ajour þjónustuaðila án tafar. Bjóðandi ber ábyrgð á að tilboð berist á réttum tíma og eru hvattir til að hefja tímanlega vinnu við að skila þeim inn.

Skilafrestur tilboðs er til kl. 11:00 fimmtudaginn 21. júlí 2022.

Opnun tilboða verður framkvæmd með rafrænum hætti á útboðsvefnum eftir að skilafrestur tilboða er liðinn. Bjóðendum verður því ekki boðið að mæta á opnunarfund en í kjölfar opunar tilboða verður bjóðendum sent opunarvirlit rafrænt.

Mannvirkja og umhverfissvið Árborgar

Hettuslá

Því ekki að þrjóna eina skjólgóða flík fyrir úti-
legurnar og komandi haustlægðir?

Mohair er geitauill og er gríðarvinsæl í þrjóna-
garni. Það hefur mýkt og léttleika og hefur fín-
lega loðna áferð. Það hentar því mjög vel sem
viðbótarþráður með hverskyns bandi og gefur þá
möguleika á ólíkum þéttleika í þrjóninu.

Hér er einmitt þrjónað úr tveim garntegundum
saman. Annarsvegar Dagmar frá Permin sem
er með tweed áferð og er úr vistvænni ull með
nælonstyrkingu. Það er reyndar frábært sokka-
garn líka. Hinsvegar Dolce frá Cewec sem er
fallegt mohairgarn. Báðar tegundirnar eru til í
mörgum flottum litum og í þessa flík voru valdir
tveir nokkuð ólíkir litir og því verður áferðin lif-
andi og falleg.

Athugið að sláin á myndinni er prufuflik og er
ekki nákvæmlega eins og uppskriftin.

Garn: 3 (4) dokkur í hvorum lit.

Áhöld: Þrjónar nr 10, heklunál nr 5, þrjónamerki,
geymsluprjónar.

Þrjónafesta: 9 l og 10 garðar = 10 x 10 sm

Þrjónað er garðaprjón (slétt þrjón fram og til baka
= 2 umferðir mynda einn garð). Fyrsta lykkjan
er alltaf tekin óprjónuð fram af þrjóninum eins
og eigi að þrjóna brugna lykkju. Þá kemur slétt
lykkja á kantinn.

Útaukningar eru alltaf gerðar þegar verið er að
þrjóna á réttunni.

Aukið út í hliðum: Þrjónið tvisvar í aðra lykkju
umferðarinnar og í þá næstsíðustu.

Aukið út við hálsnál vinstra megin: Þrjónið
tvisvar í næstsíðustu lykkjuna.

Aukið út við hálsnál hægra megin: Þrjónið tvis-
var í aðra lykkju umferðarinnar.

Stærðir 4 (7) ára

Bakstykki

Fitjið upp 20 l (fyrsta umferð) og þrjónið slétt til
baka. Næsta umferð er á réttunni og nú er gott að
setja merki í fyrsta garðinn til að vita alltaf hvar
réttan er.

Byrjið á útaukningu. Aukið út í hliðum x 3 (4) í
annarri hverri umferð, x 3 (4) í fjórðu hverri um-
ferð og x 3 (4) í 6. hverri umferð. Þá eru 38 (44)
l á þrjóninum.

Þegar komnir eru 27 (32) garðar er aukið út í hlið-
um x 3 (4) í fjórðu hverri umferð. Eftir síðustu
útaukninguna er þrjónað til baka og fitjaðar upp
nýjar lykkjur fyrir vinstri ermi, 10 (14) lykkjur. Í
lok næstu umferðar er fitjað upp á sama hátt fyrir
hægri ermi. Nú eru á þrjóninum 64 (80) lykkjur.
Þrjónið áfram þar til komnir eru 50 (59) garðar
frá byrjun.

Fellið af 27 (34) lykkjur, þrjónið 10 (12) lykkjur
og setjið þær á geymsluprjón, fellið af 27 (34)
lykkjur. Slítið frá hæfilega langan enda til að
sauma axlarhluta saman. Geymið.

Vasi

Fitjið upp 12 (14) lykkjur og þrjónið 15 garða.
Setjið lykkjur á geymsluprjón.

Framstykki

Þrjónið eins og bakstykki þar til komnir eru 25
(30) garðar. Þrjónið 13 (15) lykkjur. Fellið af 12
(14) lykkjur. Þrjónið vasastykkið af geymslu-
prjóninum og klárið umferðina. Haldið áfram að
þrjóna eins og á bakstykkinu þar til komnir eru
9 (11) garðar frá vasaopinu. Setjið þrjónamerki á
miðjuna og þrjónið að því, 32 (40) lykkjur. Snúið
við og þrjónið áfram vinstri boðunginn en aukið
út við hálsnálið (sjá leiðbeiningar að ofan) x 3
(4) í sjöttu hverri umferð. Þegar framhlutinn er



orðinn jafnlangur og bakhlutinn eru felldar af
27 (34) lykkjur í byrjun umferðar og síðustu 8
(10) lykkjur settar á geymsluprjón. Slítið frá.
Byrjið á hægri boðungi við miðjuna og aukið út
við hálsnálið (sjá leiðbeiningar að ofan) x 3 (4) í
sjöttu hverri umferð. Þegar framhlutinn er orðinn
jafnlangur og bakhlutinn eru fyrstu 8 (10) lykkju-
urnar settar á geymsluprjón og síðan felldar af 27
(34) lykkjur. Slítið frá hæfilega langan enda til að
sauma axlarhlutana saman.

Hetta

Setjið lykkjurnar af geymsluprjónunum við háls-
nálið á þrjón. Á endunum ættu að vera jaðramir
að framan, alls 26 (32) lykkjur. Fyrsta umferðin er
þrjónuð á röngunni. Í næstu umferð er sett þrjóna-
merki sitt hvoru megin við 8 lykkjur á miðjunni,
9 (12) lykkjur hvoru megin. Aukið út x 3 (3) í 6.
hverri umferð þannig: Þrjónið að þrjónamerkinu
og búið til lykkju með því að snúa bandið á milli
lykkjanna. Búið til aðra lykkju eftir hitt þrjóna-
merkið. Þrjónið áfram þar til komnir eru 21 (23)
garðar í hettuna. Fellið af miðjulykkjurnar 8,
þrjónið 4 garða og geymið lykkjurnar. Þrjónið
hinn hlutann eins og lykkið saman. Saumið
saman gatið þvert.

Frágangur

Saumið ermahlutana saman að ofan með léttu
spori.

Saumið vasastykkið við bolhlutann á röngunni
með léttu spori.

Heklið að lokum kanta á hettu, vasa og jaðar.

Jaðar. Byrjið við handveg á bakstykki vinstra
megin. Heklið með tveim þráðum af Dagmar,
eina umferð fastalykkjur, eina í hverja lykkju á
hliðum og í hverja lykkju á þvervegin. Heklið
næstu umferð með tveim þráðum af Dolce, hálf-
stuðul (slá uppá, sækja lykkju í gegnum fasta-
lykkju, hekla í gegnum allar lykkjurnar á nálinni)
í hverja fastalykkju.

Hetta. Byrjið 3 lykkjur frá miðjunni að framan og
heklið fastalykkjur á sama hátt og áður. Á miðj-
unni að framan er líka gerð ein fastalykkja.

Heklið næstu umferð eins og áður en þegar
komið er að lykkjunni á undan miðjulykkjunni
eru gerðir þrír hálfstuðlar í einn (slá uppá, sækja
lykkju í næstu fastalykkju, slá uppá, sækja lykkju
í miðlykkjuna, slá uppá, sækja lykkju í næstu
fastalykkju, sækja lykkju í gegnum allar lykkju-
urnar sem eru á nálinni. Klára umferðina og slíta
frá.

Vasi. Heklið tvær umferðir eins og áður.

Saumið saman jaðrana neðan á ermi með tveim
þráðum af Dolce. Byrjið við brún fremst á ermi
og endið þrem lykkjum fyrir neðan handveg.
Gangið frá öllum endum. Þegar gengið er frá
endunum á vasaopinu er byrjað á að festa heklaða
jaðarinn við bolhlutann.

Uppskrift: Alda Sigurðardóttir



Hannyrðabúðin

Eyravegi 23, Selfossi // 555-1314



Sumarhátíð sumarhússins og garðsins

Næsta laugardag verður heljarinnar fögnuður við Múlatorg á milli kl 11 og 17 í tilefni þess að tímaritið Sumarhúsið og garðurinn heldur upp á 30 ára afmæli um þessar mundir. Boðið verður upp á kaffi, vöffur og pönnukökur í veitingatjaldi á staðnum. „Sumarhátíðin okkar, Stefnumót við Múlatorg er tileinkuð tímamótunum. Við höfum boðið áskrifendum okkar, viðskiptavinum og þjóðinni allri í garðinn að Fossheiði 1 á Selfossi síðustu átta ár. Þar höfum við ætíð verið með einstaklega áhugaverð skemmtiatriði, fræðslu, sýningar og markaðstorg,“ segir Auður I. Ottesen sýningastjóri.

Í ár verður engin undantekning þar á en viðhafnarbragur verður á hátíðinni og á markaðstorginu sem er fullbókað verður hægt að kaupa vandað handverk, listmuni, vörur fyrir sumarhúsið og garðinn ásamt ótalmörgu öðru. Hátíðin í ár verður einstök, með metnaðarfullum tónlistaratriðum og virkilega áhugaverðri fræðslu.

Allt frá tenór til froskasmala

„Sérstakur heiðursgestur hátíðarinnar er Elmar Gilbertsson, tenórsöngvari. Elmar er með eina fegurstu rödd landsins og ætlar að syngja fyrir gesti í Fossheiðargarðinum. Raftónlistardúettinn Huldumaður og víbra-sjón sem þau Hekla Magnúsdóttir og Sindri Freyr Steinsson skipa, spila áhugaverða tónlist á þeramín og gítar. Auk þessa mun Páll Jökull Pétursson ljósmyndari sýna glænýjar myndir úr náttúru Íslands.

Einnig bjóðum við upp á sýningu á exótískum dýrum en froskasmalinn, Amanda MacQuin ætlar að leyfa gestum að skyggjast inn í allsérstakt áhugamál sitt. Goðlingar, afkvæmi Norrænna guða, bjóða seið og lækningajurtir undan rótum Yggdrasils og Páll Jakob Línal, dr. í umhverfissálfræði kemur til með að ræða við gesti um samspil fólks og umhverfis. Fræðsla, kynningar og sýningar á allskyns plöntum setja svip sinn á hátíðina og ásamt svo mörgu öðru,“ segir Auður að lokum.





Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is
prentmetoddi.is
Eyravegur 25, Selfoss



Hveragerði

Daglegar ræstingar
Daily cleaning

Við óskum eftir starfsfólki í fjölbreytt störf við ræstingar, bæði fullt starf og hlutastörf á dagvinnutíma og í kvöldvinnu.

Áhugasöm hafi samband með tölvupósti á marinb@dagar.is eða í síma 834 5930.

We seek employees for several jobs in daily cleaning in Hveragerði, both full-time and part-time during the day and in the evening.

Interested parties please contact us by e-mail at marinb@dagar.is

dagar

Dagar hf. | Víkurheiði 11a, 801 Selfossi | dagar.is

UNGMENNAFÉLAG ÍSLANDS
HÉRAÐSSAMBANDIÐ SKARPHÉÐINN
SVEITARFÉLAGIÐ ÁRBORG

UMFÍ

FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ MEÐ FJÖLBREYTTUM ÍPRÓTTAGREINUM
FYRIR 11-18 ÁRA. TÓNLEIKAR OG SKEMMTUN Á KVÖLDIN.

**UNGLINGA
LANDSMÓT
UMFÍ**

**SELFOSS
29.-31. JÚLÍ**

ALLT UM
MÓTIÐ Á
ULM.IS



Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi eystra



Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru auglýstar eftirfarandi tillögur að deiliskipulagi í Rangárþingi eystra.

Hörðuskáli - Deiliskipulagstillaga

Um er að ræða ca 0,25 ha spildu úr landi Hörðuskála L163671. Gert er ráð fyrir einnar hæðar frístundahúsi allt að 100 m² að stærð. Hámarkshæð frá gólfkóta er 4,2 m.

Hallgerðartún - Deiliskipulagsbreyting

Lagt er til að gerð verði breyting á deiliskipulagi við Hallgerðartún á Hvolsvelli. Breytingin felst í því að tveimur parhúsalóðum verður breytt í fjögurra íbúða raðhúsalóð og einni fjögurra íbúða raðhúsalóð verður breytt í 10 íbúða fjölbýlishúsalóð.

Eystra-Seljaland - Deiliskipulagsbreyting

Um er að ræða breytingu er varðar lóðirnar F2 og F3. Á lóð F2 verður heimilt að byggja allt að 600 m² gisti- og þjónustuhús í 2-3 mannvirkjum fyrir ferðamenn og starfsfólk. Á lóð F3 verður heimilt að byggja allt að 600 m² gisti- og þjónustuhús í 2-3 mannvirkjum fyrir ferðamenn og starfsfólk. Hámarks mænishæð er 6,0 m m.v. hæð jarðvegs í umhverfis húsin.

Ytra-Seljaland - Deiliskipulagstillaga

Um er að ræða frístundabyggð þar sem gert er ráð fyrir 35 lóðum sem hver um sig er 0,5 ha að stærð. Á hverri lóð verður heimilt að byggja 130 m² hús ásamt 25 m² geymslu/gestahúsi. Mesta mænishæð frá gólfkóta er 6,0 m.

Ofangreindar deiliskipulagstillögur er hægt að skoða á heimasíðu Rangárþings eystra, www.hvolsvollur.is og á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa frá 13. júlí nk. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við tillögurnar, og er frestur til að skila inn athugasemdum til 24. ágúst nk. Athugasemdum skal skila skriflega á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra, Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

F.h. Rangárþings eystra
Guðmundur Úlfar Gíslason
Skipulags- og byggingarfulltrúi

Axel Björgvin ráðinn framkvæmdastjóri fjármála

Axel Björgvin Höskuldsson hefur verið ráðinn í stöðu framkvæmdastjóra fjármála við Heilbrigðisstofnun Suðurlands.

Hann tekur við starfinu af Ara Sigurðssyni sem hefur ráðið sig til starfa sem skrifstofustjóri á skrifstofu framkvæmda og eftirfylgni í háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytinu.

Axel var valinn úr hópi fjórtán umsækjenda. Hann er fæddur árið 1985 og lauk B.Sc gráðu í Global Business Engineering árið 2013 frá Álaborgarháskóla og M.Sc. gráðu í Operations and Innovation Management árið 2015 frá sama skóla.

Axel hefur síðan 2017 starfað sem forstöðumaður upplýsinga- tæknimála við Heilbrigðisstofnun Norðurlands. Fyrir þann tíma starfaði hann við verkefna- stjórnun hjá Alcoa Fjarðaráli og AP Möller Maersk. Axel kom að stofnun og er nú stjórnar- formaður í heilbrigðis- og vel- ferðartækniklasa Norðurlands, sem er samstarfsverkefni HSN,



SAK, UNAK, SSNE, SSNV og Heilsuverndar.

Axel hefur á starfstíma sínum hjá HSN öðlast mjög víðtæka reynslu, þekkingu og innsýn í rekstur heilbrigðisstofnana og þau undirliggjandi rekstrar- og fjárhagskerfi sem þar eru notuð, m.a. Oracle. Hann hefur hald- góða reynslu af áætlanagerð, eftirfylgni áætla og notkun greiningar- og viðskiptagreind- artóla.

Nítján umsækjendur um starf bæjarstjóra

Alls voru 19 manns sem sóttu um starf bæjarstjóra í Hveragerði sem auglýst var ný-

verið og augljóst að um auðugan garð er að gresja þegar kemur að valinu.

Umsækjendurnir eru:

Ágúst Örlaugur Magnússon – Vaktstjóri
Geir Sveinsson – Sjálfstætt starfandi
Glúmur Baldvinsson – Sjálfstætt starfandi
Jón Aron Sigmundsson – Sjálfstætt starfandi
Karl Gauti Hjaltason – Fyrirv. þingmaður
Karl Óttar Pétursson – Lögmáður
Kolbrún Hrafnkelsdóttir – Forstjóri
Konráð Gylfason – Framkvæmdastjóri
Kristinn Óðinsson – Fjármálastjóri
Lína Björg Tryggvadóttir – Skrifstofustjóri

Magnús Björgvin Jóhannesson – Framkvæmdastjóri
Matthildur Ásmundardóttir – Fyrirv. bæjarstjóri
Sveitarfélagsins Hornafjarðar
Sigurður Erlingsson – Stjórnarformaður
Sigurgeir Snorri Gunnarsson – Eftirlaunaþegi
Valdimar O. Hermannsson – Fyrirv. sveitarstjóri
Blönduósbæjar
Vigdís Hauksdóttir – Fyrirv. borgarfulltrúi
Þorsteinn Þorsteinsson – Deildarstjóri
Þórdís Sif Sigurðardóttir – Fyrirv. sveitarstjóri
Borgarbyggðar
Þróstur Óskarsson – Sérfræðingur



NPA Setur Suðurlands leitar að aðstoðarmanni/ mönnum á Selfossi.

Starfið byggir á hugmyndafræðinni um sjálfstætt líf og eru helstu verk- efni að aðstoða unga einstaklinga við athafnir daglegs lífs. Störfin eru að mestu unnin á heimilum þeirra auk þess að fylgja þeim hvert sem þau fara. Unnið er á vöktum og eru laun greidd skv. sérkjarasamningi NPA miðstöðvarinnar og Samtaka atvinnulífsins/Efingar. Um fleiri en eitt stöðugildi er að ræða sem geta verið unnin í hlutastörfum, og hentar t.d. vel með námi.

Mikilvægt er að umsækjendur séu með hreint sakavottorð og hafi gild ökuréttindi.

Hæfniskröfur

- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Framtakssemi og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Jákvæðni og vilji til að taka leiðsögn
- Sveigjanleiki og umburðarlyndi fyrir verkefnum dagsins

Helstu verkefni

- Að efla þjónustuþega til sjálfstæðis í leik og starfi
- Styðja þjónustuþega við að lifa sjálfstæðu og innhaldsríku lífi

Umsóknarfrestur er til og með 29.07.2022 og æskilegt að viðkomandi geti hafið störf um miðjan ágúst.

Umsóknir skulu sendast á npasetur@npasetur.is

Nánari upplýsingar um störf gefa

Inga Sveinbjörg Ásmundsdóttir

s:691 3177, inga@npasetur.is

og Hafdís Bjarnadóttir

s:690 2117, hafdis@npasetur.is.



Styrktarsjóður Svanhildar Óskar Guðmundsdóttur

Svanhildur Ósk er fædd árið 1984, uppalin og búsett í Þorlákshöfn. Foreldrar hennar eru Ingibjörg Bjarney Georgsdóttir og Guðmundur Garðarsson. Hún á tvær dætur, 16 ára og 12 ára. Hún hefur erfiða og langa veikindasögu á bakinu en árið 2021 greindist Svanhildur með nokkrar gerðir af æðapjöppunarheilkenni (compression syndromes). Hún greindist með MALS (Median Arcuate Ligament Syndrome), May-thurner syndrome, Nutcracker syndrome, Pelvic congestion ásamt því að vera með EDS (Ehlers-Danlos syndrome) og fljóttandi nýru (migrating kidneys). Þar sem lítil kunnátta er hér á landi á þessum sjúkdómum gekkst Svanhildur undir aðgerð í Þýskalandi 2021 sem heppnaðist vel. Þetta var fyrsta skrefið í vegferð hennar að bata.

Enn glímur hún þó við vandamál sem valda henni miklu verkjaástandi, erfiðleikum með að nærast sökum verkja og einkenna frá meltingarvegi, miklum einkennum frá taugakerfi, t.d. miklum pirringi, skjálfta, svima, heilaþöku ásamt minnkandi styrk í fótum og höndum og þarf hún stundum að notast við hjólastól.

Svanhildur hefur lengi beðið eftir því að komast til Þýskalands í aðra aðgerð en Sjúkraþryggingar Íslands hafa synjað umsókn hennar um fjárhagsaðstoð í tvígang. Hún stendur því frammi fyrir því að þurfa að greiða aðgerðina sjálf. Áætlaður aðgerðarkostnaður eru 5,5 milljónir fyrir utan ferðakostnað og uppihald. Nú er svo komið að Svanhildur þarf að komast í aðgerðina sem fyrst til að hún eigi möguleika á betri lífsgæðum.

Stefnt er að aðgerðinni í sumar. Þar mun Svanhildur gangast undir æðaiðgræðslu (skipta út celiac æðinni vegna mikilla þrenginga), fjarlægja mikið magn af örvef í kringum celiac æðina og hengja upp bæði nýrun til að auka blóðflæði.

Við fjölskylda Svanhildar höfum því ákveðið, með hennar samþykki, að fara af stað með söfnun fyrir hana og höfum stofnað styrktarreikning í hennar nafni.

Við þökkum öllum þeim sem sjá sér fært að styrkja Svanhildi og munum að margt smátt gerir eitt stórt!

Ef söfnun þessi gengur vel og næst að safna fyrir aðgerðarkostnaði mun það sem

umfram safnast gefast til katrinoskh@gmail.com, sími: 869-1957 eða Guðmundar Helga Guðmundsdóttir; guðmunda.h@gmail.com, sími: 896-2674. Fyrir hönd fjölskyldunnar, Rákel Guðmundsdóttir



Stefnumót við Múlatorg 16. júlí kl. 11-17 Fossheiði 1 Selfossi



Sumarhátíð Sumarhússins og garðsins

Sumarhúsið og garðurinn 30 ára. Stefnumót við Múlatorg er tileinkað tímamótunum og verður hátíðin afar glæsileg og markaðurinn einstakur.

Við bjóðum áskrifendum okkar, viðskiptavinum og þjóðinni allri í garðinn að Fossheiði 1 á Selfossi.

Sérstakur heiðursgestur hátíðarinnar er Elmar Gilbertsson, tenórsöngvari. Elmar er með eina fegurstu rödd landsins og mun syngja fyrir gesti í Fossheiðargarðinum.

Raftónlistardúettinn Huldumaður og vibrasjón sem þau Hekla Magnúsdóttir og Sindri Freyr Steinsson skipa, spila áhugaverða tónlist á þeramin og gítar.

Sýning á exótískum dýrum. Froskasmalinn, Amanda MacQuin, leyfir gestum að skyggjast inn í allsérstakt áhugamál sitt.

Goðlingar, afkvæmi Norrænna guða, bjóða seið og lækningajurtir undan rótum Yggdrasils.

Páll Jakob Lindal, dr. í umhverfissálfræði ræðir við gesti um samspil fólks og umhverfis.

Ljósmyndasýning, skúlpúrverk, kynningar og sýningar á allskyns plöntum og svo margt, margt fleira.

Kaffi og vöffur/pönnukökur í veitingatjaldinu.



Íþróttir

Efni sendist á dfs@dfs.is

Þriðja umferð í Íslandsmeistaramótinu í motocross



Unglingaflokkur
1. sæti Eric Máni Guðmundsson,
2. sæti Alex Þór Einarsson
3. sæti Eiður Orri Pálsson



MX2 hobby
1. sæti Ólafur Magni Jónsson,
2. sæti Sigurður Ásberg Sigurjónsson
3. sæti Axel Darri Þórhallsson

MOTOCROSS Þriðja umferð í Íslandsmeistaramótinu í motocross fór fram um helgina. Mótið var haldið á vegum KKA á Akureyri, 85 keppendur voru skráðir til leiks og fór keppnin fram við frábærar aðstæður í blíðskaparveðri fyrir norðan. Félagsmenn og iðkendur UMFS á Selfossi fóru heim með bikar í nokkrum flokkum. Eric Máni Guðmundsson sigraði unglingaflokkinn, Ásta Petrea Hannesdóttir lenti í þriðja sæti í kvennaflokk, Alexander Adam Kuc lenti í fjórða sæti í MX2 og í MX2 hobby sigraði Ólafur Magni Jónsson og í öðru sæti varð Sigurður Ásberg Sigurjónsson. Ragnheiður Brynjólfssdóttir lenti fjórða sæti í 30+. Fjórða umferð Íslandsmeistaramótsins fer svo fram á Selfossi þann 23. júlí næstkomandi.

Myndir: Ragnheiður og Sverrir



Kvennaflokkur
1. sæti Sóley Sara David,
2. sæti Aníta Hauksdóttir
3. sæti Ásta Petrea Hannesdóttir

Þjálfaraskipti hjá karlaliði Selfoss í handbolta

Handknattleiksdeild Selfoss hefur samið við Þóri Ólafsson um þjálfun meistaraflokks karla.

Þórir er Selfyssingur í húð og hár og hlaut sitt handboltalega uppeldi á Selfossi. Síðan lék hann með Haukum, Lübbecke í Þýskalandi og stórliði Kielce í Póllandi. Með stuttri millilendingu hjá Stjörnunni kom Þórir aftur inn í starfið á Selfossi sumarið 2015. Hann hefur síðan þá verið í ýmsum hlutverkum, leikmaður, aðstoðarþjálfari bæði hjá meistaraflokki karla og kvenna, þjálfari í yngri flokkum og U-liðum.

Þórir á að baki 112 landsleiki fyrir Íslands hönd. Þórir býr yfir mikilli reynslu sem mun eflaust nýtast Selfyssingum vel, en hann hefur unnið með mörgum frábærum þjálfurum í gegnum

tíðina. Halldór Jóhann Sigfússon fékk spennandi tækifæri við þjálfun í Danmörku. Eins og alltaf þá fagnar félagið því þegar leikmenn og þjálfarar þess fá tækifæri á alþjóðavettvangi og

í tilkynningu frá handknattleiksdeildinni er Halldóri óskað vel farnaðar á nýjum vettvangi og þakkað fyrir vel unnin störf á Selfossi.



Guðmundur Tyrfingsson er kominn heim

Guðmundur Tyrfingsson skrifaði á mánudaginn undir tveggja ára samning við knattspyrnudeild Selfoss. Guðmundur kemur til liðsins frá ÍA þar sem hann hefur spilað undanfarin ár.

Eins og Sunnlendingar flestir vita er Guðmundur fæddur og uppalinn á Selfossi og steig sín fyrstu skref í meistaraflokksbolta hér. Hann spilaði síðast með Selfyssingum sumarið 2020 áður en hann var seldur á Skagann um mitt tímabil.

„Ég er virkilega spenntur fyrir því að vera kominn heim á Selfoss og fá að klæðast vírauðu treyjunni á nýjan leik. Það eru spennandi hlutir að gerast á Selfossi sem sýnir sig best á stöðutöflunni í Lengjudeildinni,“ sagði Guðmundur

við undirskriftina. Guðmundur verður strax gjaldgengur með Selfossi og gætu stuðningsmenn okkar séð hann spila sínar fyrstu mínútur strax á fimmtudag gegn Gróttu. Myndir: Arnar Helgi/ Selfoss



Myndir: Selfoss/Arnar Helgi

Selfyssingar lönduðu bikar og háttvísiverðlaunum á stærsta kvennamóti landsins

Helgina 8.-10. júlí fór Síma mótið, stærsta kvennamót á landinu fram á knattspyrnusvæði Breiðabliks í Kópavogi. Keppt er í þremur aldersflokkum á mótinu, 7., 6., og 5. Flokki. Rúmlega 90 stelpur frá Selfossi tóku þátt í ár í öllum alders-

flokkum. Öllum liðum frá Selfossi gekk mjög vel á mótinu, lið 7. flokks vann háttvísiverðlaun mótsins á meðan lið Selfoss Tiffany í 5. flokki sigraði sinn riðil og kom með bikar heim yfir brúna.



Mynd: Aldís Stella Ásgeirsdóttir

Hamarsmenn skipta um mann í brúnni

Tamas Kaposi var á dögnum ráðinn nýr þjálfari úrvalsdeildarliðs Hamars í blaki en hann tekur við starfinu af Radoslaw Rybak sem stýrði liðinu til sigurs í öllum keppnum síðastliðin tvö ár. Tamas er fæddur í Ungverjalandi og er á þrítugasta aldursári. Hann kom til Íslands fyrir tveimur árum og tók þá við taumunum hjá Völsung á Húsavík þar sem hann hefur náð eftirtæktaðum árangri. Tamas hefur mikla reynslu úr blakinu en mestan hluta ferilsins hefur hann leikið í Ungverjalandi þar sem hann hefur unnið meðal annars Ungversku deildina sem leikmaður og þjálfari

svo fátt eitt sé nefnt. Stjórn Hamars væntir mikils af nýja þjálfaranum en markið hefur verið sett hátt síðustu ár í Hveragerði. Markmið þjálfara og stjórnar er að halda góðu starfi áfram, ásamt því að efla barna og unglingastarf deildarinnar.



Selfoss deilir toppsætinu með Fylki

Selfoss sigraði KV þegar liðin smættust í hörkuleik í Vesturbænum laugardaginn 9. júlí. Leiknum lauk með 1-2 sigri Selfoss sem þurftu heldur betur að hafa fyrir verkefninu gegn nýliðunum.

Leikurinn fór vægast sagt fjörlega af stað en Selfyssingar tóku forystuna eftir einungis tveggja mínútna leik þegar leikmaður KV setti boltann í eigið net eftir alvöru takta frá Gonzalo. KV fengu kjörið tækifæri til þess að jafna strax í næstu sókn þegar þeir fengu víti. Magnaðaður markvörður Selfyssinga, Stefán Þór, gerði sér lítið fyrir og varði spyrnuna glæsilega.

KV jafnaði leikinn á 34. mínútu þegar Einar Már skoraði með þrumufleyg, sláin inn, ansi snyrtilegt. 1-1 í hálfleik.

Síðari hálfleikur var kaflaskiptur og bæði lið fengu hörkufæri til þess að setja boltann í netið. Gary Martin skoraði sigurmark leiksins þegar tæpar tíu mínútur voru eftir af leiknum. Hann slapp þá einn í gegn en lét verja frá sér, náði frákastinu og setti boltann í netið.

Liðið situr nú í 2. sæti með jafnmörg stig og Fylki sem er í 1. sæti með betri markatölu. Næsti leikur okkar manna er á fimmtudaginn 14. júlí gegn Gróttu á Seltjarnarnesi, sannkallaður toppslagur.

LEIKMENN MÁNAÐARINS

Júlí 2022

ÞORKELL NATAN SÍMONARSON
6. FLOKKUR KARLA





ÁSTA BJÖRK ÓSKARSDÓTTIR
4. FLOKKUR KVENNA

WWW.SELFOSS.NET KNATTSPYRNA

f t i SELFOSFOTBOLTI



SUMAR NÁMSKEIÐ
KNATTSPYRNUDEILDAR

Skráning:
<https://www.sportablar.com/shop/umfs/fotbolti>

Námskeið 3
18.-29. júlí

Allir sem koma á námskeið hjá deildinni geta fundið eitthvað við sitt hæfi, hvort sem menn hafa æft lengi eða eru að byrja á sínum fyrstu æfingum

UMF



Fáðu tilboð í auglýsingarnar
Auglýsingasíminn er 482 1944

Tryggjum vöxt og viðgang Sigurhæða

Á síðasta stjórnarfundum Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, hinn 24. júní sl., var óháð matskýrsla Háskóla Íslands um Sigurhæðir – þjónustu við þolendur kynbundins ofbeldis á Suðurlandi – lögð fram til kynningar og umræðu. Sigurhæðir eru svokallað áhersluverkefni í Sóknaáætlun Suðurlands og tók SASS því þátt í fjármögnun verkefnisins árið 2022 með fimm milljón króna framlagi. Á fundinum kom fram mikil ánægja með Sigurhæðir og var eftirfarandi bókað:

Stjórn SASS óskar Soroptimistaklúbbs Suðurlands til hamingju með góðan árangur af áhersluverkefninu. Ljóst er að meðferðarúrræðið hefur gefist vel fyrir þolendur kynbundins ofbeldis [og] samstarfsaðilar nýta [það] og treysta. Stjórn hvetur ríkið, sveitarstjórnir og aðra hagaðila að tryggja vöxt og viðgang verkefnisins til næstu ára.

Undirbúningur að Sigurhæðaverkefninu hófst haustið 2020 og úrræðið var opnað í lok mars 2021. Skýrslan fjallar um helstu niðurstöður ytra mats á undirbúningi og innleiðingu Sigurhæðaverkefnisins, helstu styrkleika og veikleika þess, tækifæri til umbóta og reynsluna af starfseminni fyrsta heila starfsárið. Matið byggir á fyrirliggjandi gögnum, bæði meginlegum og eiginlegum, um verkefnið almennt, samstarfið, starfsemina, þjónustuna og þjónustuþegahópinn. Nýrra gagna var meðal annars aflað með viðtölum, samráðshópum, og viðhorfskönnunum. Dr. Þorgerður J. Einarssdóttir, prófessor við stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands er ábyrgðarmaður ytra matsins. Kristín A. Hjálmarssdóttir, sjálfstætt starfandi fræðimaður, sá um framkvæmd úttektarinnar fyrir hennar hönd. Niðurstaðan er að SIGURHÆÐIR eru framúrskarandi úrræði, meðferðarstarfið er faglegt og afskaplega vel heppnað, forystan traust og mikil ánægja ríkjandi meðal bæði samstarfsaðila, skjólstæðinga og Soroptimistasystanna í Suðurlandsklúbbnum.

Viðtækasta og virkasta net samstarfsaðila sem þekktist

Margt athyglisvert kemur fram í skýrslunni. Um 60% af skjólstæðingunum, sem voru yfir 100 talsins fyrsta starfsárið, komu eftir tilvísun frá félagsþjónustum sveitarfélaganna á Suðurlandi og Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Að öllum líkindum á sú staðreynd mikinn þátt í að þungi mála er talsvert meiri en hjá sambærilegum úrræðum á landinu, en um 40% skjólstæðinganna eru öryrkjar eða á endurhæfingarlífeyri. Þetta hlutfall er t.d. 23% hjá Bjarkarhlíð í Reykjavík.

Þá kemur sérstaða Sigurhæða vel fram í skýrslunni. Samstarfsaðilar Soroptimistaklúbbs Suðurlands í Sigurhæðum eru alls 22, en það var Soroptimistaklúbburinn sem tók frumkvæðið að Sigurhæðum og ber alla fjárhagslega ábyrgð á þeim. Samstarfsaðilarnir eru öll sunnlensku sveitarfélögin 15, lögreglan á Suðurlandi og í Vestmannaeyjum, sýslumennirnir á Suðurlandi og í Vestmannaeyjum, Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Kvinnaráðgjöfin (lögfræðileg ráðgjöf) og Mannrétt-

indaskrifstofa Íslands (fræðsla til innflytjendakvenna). Þetta er viðtækasta og virkasta samstarfsnet á þessu sviði á landinu öllu.

Úr engu yfir í þróaðasta úrræðið
Einnig felst sérstaða Sigurhæða í að þar er veitt meiri og sérhæfðari meðferð en þekktist annars staðar. Hún felst í bæði einstaklingsviðtölum, hópstarfi í þremur svokölluðum meðferðarlotum, þar sem m.a. aðferðum listmeðferðar er beitt, og í sérstakri EMDR-áfallameðferð. Þegar hefur komið fram mælanlegur árangur af meðferðarstarfinu. Öll þjónusta Sigurhæða er endurgjaldslaus og segja 70% af skjólstæðingunum að það hafi skipt meginmáli fyrir þá.

Ljóst er af matskýrslunni að Soroptimistaklúbbi Suðurlands hefur ásamt samstarfsaðilum tekist að ná öllum markmiðum sínum þegar á fyrsta ári starfseminnar og hefur þjónusta við þennan viðkvæma hóp skjólstæðinga á Suðurlandi því farið úr engu yfir í þróaðasta úrræðið á sínu sviði á met tíma.

Sjá nánar á vefsíðu Sigurhæða sigurhaedir.is/frettir



Elisabet Lorange er meðferðarstýra Sigurhæða.

Þurfa 3000 tonn til að klára vertíðina með sóma

Strandveiðifélag Íslands mót-smælir harðlega þeirri stefnu Svandísar Svavarsdóttur, matvælaráðherra, að setja aftur á svæðakerfi í strandveiði. Félagið segir að ekki hafi fengist fundur með ráðherranum vegna anna en fundað hafi verið með aðstoðarmanni hennar og sérfræðingum ráðuneytisins um yfirstandandi vertíð.

Svæðakerfið var fellt niður árið 2018 og kvótinn fyrir strandveiðina færður yfir allt landið í stað mismikils kvóta á mismunandi landshluta.

„Við erum hársbreidd frá því að tryggja öllum handfærabátum 48 daga á vertíð og teljum að við þurfum að horfa fram á við en ekki snúa til baka í meingallað kerfi,“ segir í yfirlýsingu Strandveiðifélagsins.

Í yfirlýsingunni segir ennfremur að ráðherra hafi bætt 1.074 tonn um í kerfið en það muni ekki duga út ágúst. Þörf sé á um þrjú þúsund tonn.

„Þetta er atvinna-, afkomu- og fæðuöryggismál. Það eru um 6-700 heimili sem reiða sig á þessar veiðar. Því til við-

bótar er starfsemi fiskmarkaða, kvótalaus fiskvinnsla, verslunar, iðnaðar og þjónustu sem fylgir þessum veiðum afar dýrmæt fyrir sjávarbyggðir um allt land.“

Samtökin þakka Svandísi engu að síður fyrir reglugerðarbreytingu sem leyfir eigendum strandveiðibáta að halda strax á aðrar veiðar þegar vertíðin er stöðvuð fyrir 31. ágúst. Að reglunum óbreyttum hefði þurft að halda bátunum bundnum við bryggju út mánuðinn.



Starfið blómstrar sem aldrei fyrr

Þrátt fyrir harðan vetur og Þerfiða byrjun á árinu vegna samkomutakmarkana hefur starf félagsins náð að blómstra sem aldrei fyrr og mánuðir þessa árs verið viðburðamiklir.

Sjálfbóðaliðar félagsins hafa haldið úti opnu húsi í félagsaðstöðu okkar á Eyravegi 31, þrisvar sinnum í viku og tekið notalega á móti gestum með heitum kaffibolla. Ánægjulegt er að fylgjast með aukningu félagsmanna sem þiggja að koma og kynna sér starfsemina og taka þátt í henni.

Endurhæfingarverkefnið sem félagið lagði af stað með síðastliði haust hefur fest sig í sessi og hefur sannað mikilvægi þess að bjóða uppá andlega, líkamlega, og félagslega endurhæfingu fyrir krabbameinsgreinda.

Styrkleikarnir sem haldnir voru í lok apríl síðast liðinn eru líklega stærsti og magnaðasti viðburður sem félagið hefur tekið þátt í að framkvæma. Um sólarhrings viðburð var að ræða þar sem fólk á öllum aldri, víðsvegar af landinu tók þátt í og hélt boðhlaupskefli á hreyfingu í heilan sólarhring. Viðburðurinn fékk skemmtilega umfjöllun og væntingar okkar fóru langt fram úr björtustu vonum. Þessi sólar-

hringur staðfesti enn og aftur það magnaða samfélag sem við búum í. Samfélag sem stendur saman sem ein heild og leggur allt sitt í að styðja við og styrkja sitt fólk sem hefur, á einn eða annan hátt kynnst krabbameini. Það er með mikilli tilhlökkun sem við hefjum skipulag fyrir næstu Styrkleika þann 29. apríl 2023 og hvetjum alla til að taka sólarhringinn strax frá í dagatalinu sínu.

Í byrjun sumarsins bauð félagið uppá vorferð þar sem Krabbavörn, aðildarfélag KÍ í Vestmannaeyjum var heim sótt. Góð þátttaka var í ferðina og fengum við góðar móttökur í eyjum, skemmtilega rútuferð um eyjuna og góða leiðsögn heimamanna. Eldheimar voru skoðaðir og buðu félagsmenn Krabbavarnar til veisluborðs og kynntu starfsemi sína og þá miklu samstöðu sem ríkir í samfélaginu í Vestmannaeyjum.

Auk fastra liða í starfi félagsins, fór félagið af stað með nýjan stuðningshóp sem ætlaður er félagsmönnum á aldrinum 18-45 ára. Stuðningshópurinn er fyrir bæði krabbameinsgreinda og aðstandendur þeirra og markmiðið að skapa traustan hóp sem nýtur félagslegs og andlegs stuðnings

hver af öðrum. Hópurinn hittist einu sinni í viku og hefur framkvæmt ýmsar hugmyndir á þeim skamma tíma sem hópurinn hefur verið að hittast. Við erum gríðarlega stolt af tilvist hópsins og þakklát þeim félagsmönnum sem koma að uppbyggingu hans.

Yfir sumartímann gefum við okkar duglegu sjálfbóðaliðum frí og liggur hefðbundin starfsemi niðri fram í ágúst. Margt er á skipulagsborðinu og hlökkum við til að hitta alla félaga okkar aftur og halda áfram að bjóða uppá fjölbreytta þjónustu í formi stuðningshópa, endurhæfingar og mánaðarlegra viðburða. Undirbúningur fyrir Bleika Boðið er nú þegar hafinn og horfum við til þess að stærsta og glæsilegasta Bleika Boð í sögu félagsins verði haldið þann 21. október 2022 í Hótel Selfoss.

Yfir sumartímann minnum við á að alltaf má senda okkur tölvupóst á netfangið arnessysla@krabb.is eða senda okkur skilaboð á facebooksíðu félagsins.

Fyrir hönd Krabbameinsfélags Árnessýslu, Svanhildur Ólafsdóttir, formaður.



Moskvít frumflutti nýtt lag á Kótelettunni

Strákarnir í hljómsveitinni Moskvít hafa unnið hörðum höndum að því að skapa nýtt efni og frumfluttu nýtt lag, Perfect little wonder á Kótelettunni á föstudag og er það komið á Spotify. „Nýja lagið okkar, Perfect Little Wonder fjallar um leitina að hinu fullkomna eða mest fullnægjandi lífi. Sú leit er að öllum líkindum efst á listanum hjá öllum. Hvort sem það er að leita uppi hluti og einstaklinga eða sannleikanum og innri frið er markmiðið að fylla tómið innra með okkur. En draugar sem fylgja okkur hvert sem leið okkar liggur, sýna okkur myndir í hugarum. Myndir af fortíðinni sem við söknum, af draumunum sem rættust aldrei og af hugmyndum um hvað hefði gerst ef við hefðum háttað hlutunum

öðruvísi. Þessar myndir geta verið sálarlífinu hættulegar, þær eiga það til að ráðskast með hamingjuna okkar. En eitt er víst og það er að við getum bara upplifað fyrsta skiptið í eitt skipti,“ segja meðlimir Moskvít.

Meðlimir hljómsveitarinnar eru: Sigurjón Óli Arndal Erlingsson - Söngur og bassi Alexander Örn Ingason - Trommur og bakraddir Jón Aron Lundberg - Píanó og bakraddir Valgarður Uni Arnarsson - Gítar og bakraddir

Upptökir á laginu fóru fram hjá Kjartani Guðmundssyni í Dynur Recording Studio í Hveragerði og Sigurdór Guðmundsson í Skonrokk Studios sá um hljómjöfnun.



Heimsfrumsýning á Hvolsvelli

Kvikmyndin Þrot í leikstjórn Heimis Bjarnasonar var heimsfrumsýnd á miðvikudagskvöld í Hvolnum á Hvolsvelli. Myndin sem er tekin upp á Hvolsvelli og þar í kring er sakamáladrama sem segir frá dularfullu morðmáli sem skekur smábæjarsamfélag og þeim áhrifum sem það hefur á líf og fortíð þriggja ólíkra einstaklinga. Gömul sár verða að

nýjum og fljótt verður ljóst að sögum ber ekki saman og reynir á fjölskylduböndin sem aldrei fyrr eftir því sem sannleikurinn skýrist.

Tómas Birgir Magnússon, oddviti Rangárþings eystra, færði leikstjóranum blómvönd frá sveitarfélaginu að þessu tilfni og voru bíógestir mjög sáttir í lok myndarinnar.



Myndasýrpa

KÓTELETTAN

Ójöfn
kynjaskipting

Á fyrsta fundi nýrrar bæjarstjórnar í Hveragerði þann 7. júní sl. var skipað í nefndir og ráð og eins og vera ber í upphafi nýs kjörtímabils. Það vakti athygli fulltrúa D-listans að O-listinn og Framsókn höfðu eingöngu valið karlmenn í fjögur af fjórum sætum sem þeir eiga í Skipulags- og mannvirkjanefnd bæjarins. Þykir okkur þetta vera mikil tímaskekkja og við vitum að hér áður fyrir tíðkaðist gjarnan að karlmenn ættu öll sæti í slíkri nefnd. Það er hins vegar liðin tíð.

Í ljósi sögunnar er ágætt að fara yfir það að árið 1950 voru 0,6% konur í sveitastjórnnum. Árið 1982 höfðu þær svo náð 12,4% og árið 2010 voru konur 39,8% kjörinna fulltrúa. Árið 2008 voru samþykkt jafnréttislög með það að markmiði að jafna stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Allir einstaklingar eiga jafna möguleika óháð kyni. Talað er um að jafnrétti sé náð þegar hlutfallsskiptingunni 40%-60% er náð.

Sveitarstjórnarlögum og Samþykktum um stjórn Hveragerðisbæjar ekki fylgt

Ljóst er að meirihluti Framsóknar og O-listans þverbrutu sveitarstjórnarlög nr.138/2011, 44. gr. og Samþykktir um stjórn Hveragerðisbæjar á fyrsta fundi nýrrar bæjarstjórnar þann 7. júní sl. við skipan fulltrúa í nefndir bæjarins, því einnig er ójafnt kynjahlutfall í Fræðslunefnd og Umhverfisnefnd. Í 44. gr. framangreindra laga segir: „Ef velja á tvo eða þrjá fulltrúa í nefnd skal a.m.k. einn af hvoru kyni vera á lista. Ef velja á fjóra eða fimm fulltrúa skulu a.m.k. tveir vera af hvoru kyni.“

Í VI kafla Samþykktu um stjórn Hveragerðisbæjar segir í

34. gr.: „Framkvæmd kosninga skal þá vera í samræmi við ákvæði 44. og 45. gr. sveitarstjórnarlaga.“

Samkvæmt upplýsingum frá lögfræðingi hjá Sambandi Íslenskra Sveitarfélaga hvílir skylda á meirihluta hverju sinni að jafna kynjahlutföll og er því af hálfu Framsóknar og O-listans gengið þvert á það sem segir í sveitarstjórnarlögum og Samþykktum um stjórn Hveragerðisbæjar.

Bæjarfulltrúi O-listans fer gegn eigin orðum

Sérstaka athygli vekur að bæjarfulltrúi O-listans skrifaði grein í Dagskránni sem kom út þann 12. janúar sl. sem fjallaði sérstaklega um kynjahlutföll í Héraðsnefnd Árnesinga með yfirskriftinni „Karlaveldi í Héraðsnefnd Árnesinga“ og fór þar mikinn um þann mikla kynjahalla sem þar var. Einnig hefur sami bæjarfulltrúi víða ritað og tjáð sig með ýmskonar hætti um mikilvægi vandaðrar stjórnsýslu Hveragerðisbæjar og gagnrýni fyrir meirihluta D-lista fyrir að hafa ekki stundað slíka vandaða stjórnsýslu.

Þessi greinaskrif og gagnrýni bæjarfulltrúans eru einskis virði þegar hann og hans félagar í nýjum meirihluta geta ekki komið sér saman um jafna skiptingu kynja í nefndir bæjarins. Vonandi er þetta ekki það sem koma skal við stjórnun bæjarins.

Fulltrúar D-listans í bæjarstjórn skora því á fulltrúa Framsóknar og O-lista að þeir jafni nú þegar kynjahlutfall sitt í nefndum bæjarins.

Bæjarfulltrúar D-listans í Hveragerði

Friðrik Sigurbjörnsson

Alda Pálsdóttir

Kokkur/bílstjóri óskast í hestaferðir í fjórar brottfarir í júlí og ágúst, vegna forfalla

17. júlí norður Kjöl (6 dagar)

24. júlí suður Kjöl (6 dagar)

1. ágúst um hálendisbrún Laugardals (5 dagar)

9. ágúst vestur á Snæfellsnes (16 dagar)

Allar nánari upplýsingar veitir Hreinn Þorkelsson í síma 895-4485 eða tölvupósti hreinn@ishestar.is

FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU**
Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 19 - PPG opinn fundur
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Mið. kl. 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi
Polskie mitingi aa grupa krokus.
Poniedziałek i czwartek godzina
19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA
Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters Anonymus alla
þriðjudega kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga
kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

FÉLAGSSTÖRF

SKRIFSTOFA
FEBSEL

Í Grænumörk, Selfossi.
Sími 894 4107.

Skrifstofa félagsins er
lokuð í sumar frá 1. júní til 1.
sept. 2022.

Sími formanns er 698 3110.
Sími gjaldkera er 894 9465.

GOLFÆFINGAR

á Svarfólsvelli þriðjudegs-
og fimmtudagsmorgna

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
 S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyrangei 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

KRANAVINNA
GRÖFUVINNA
25 ÁRA REYNSLA

Diddi S. 861 4966



VH Tækjaleiga

Til leigu 2,8 tonna minigräfa.
Upplýsingar í síma 892 5741.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
DFS.IS
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Er eitthvað að fréttu?

Sími 482 1944 - dfs@dfs.is

KIRKJUR

Selfosskirkja

Ekki verður messa í selfosskirkju
sunnudaginn 17. júlí heldur bent
á dagskrá Skálholtshátíðar og
hátíðarmessu þar þennan
sunnudag.

Tungufellskirkja:

Sumarmessa fimmtudags-
kvöldið 14. júlí kl. 20. For-
söngvari er Stefán Þorleifsson
og meðhjálpari Elín Jóna
Traustadóttir. Almennur söngur.
Allir hjartanlega velkomnir.
Sóknarprestur

Skálholtsdómkirkja

Hátíðarmessa á Skálholtshátíð
sunnudaginn 17. júlí kl. 14.
Skálholtskórinn syngur. Organisti
er Jón Bjarnason. Trompetar
Svanhildur Sól Sigurbjarnardóttir
og Jóhann I. Stefánsson.
Vígslubiskup sr. Kristján
Björnsson prédikar og þjónar
ásamt sr. Sveini Valgerissyni, sr.
Örnu Grétarsdóttur og fleirum.
Móttaka pílagríma. Altarísanga.
Kirkjukaffi á eftir í boði staðarins.
Hátíðardagskrá hefst kl. 16 og
eftir hana er sungið Te Deum
sem Ísleifsreglan leiðir en
formaður hennar er sr. Kristján
Valur Ingólfsson, biskup.
Orgeltónleikar Jóns Bjarnasonar
eru kl. 11 árdegis.
Laugardaginn 16. júlí er útimessa
með altarisgöngu við
Þorlákssæti þar sem
vígslubiskup setur Skálholtshátíð
2022. Gengið frá kirkjudyrum kl.
9. Kvöldbæn er í kirkjunni kl. 18.
Föstudaginn 15. júlí er sungin
morgunbæn líkt og flesta virka
morgna kl. 9 og svo er kvöldbæn
kl. 18.
Morgunmessa í kirkjunni kl. 9 á
Þorláksmessu á sumar 20. júlí.
Sr. Kristján Björnsson
vígslubiskup. Organisti
Bjarnason.

BÍLAR



Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777

Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

KIETTUR

Bifreiðaverkstæði

Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi

Þjónustuskoðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílaviðgerðir.



Hjólástillingar

Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069

ÞJÓNUSTA

GRÖFUÞJÓNUSTA



Tek að mér ýmis verk. Er með
traktorsgröfu og vörubíl.
Nánari upplýsingar hjá
Guðmundi í síma 650 5038.

Ellefu sækjast eftir
sveitastjórnartitlinum í Skaftárhreppi

Mynd: klaustur.is

Alls bárust ellefu umsóknir
um starf sveitarstjóra
Skaftárhrepps en frestur til að
sækja um starfið rann út þann
4. júlí sl.

Umsækjendurnir eru:

Björn S. Lárusson,
skrifstofustjóri
Einar Kristján Jónsson,
sveitarstjóri Húnavatnshrepps
Hrafnkell Guðnason,
sjálfstætt starfandi
Ingvi Már Guðnason,
verkstjóri

Jon Eggert Guðmundsson,
kerfisstjóri
Jónas Egilsson,
sveitarstjóri Langanesbyggðar
Karl Gauti Hjaltason,
fyrirv. alþingismaður
Kristinn Óðinsson,
fjármálastjóri
Lára Jónasdóttir,
verkefna- og framkvæmdastjóri
Ómar Már Jónsson,
fyrirv. sveitarstjóri
Súðavíkurhrepps
Vigdís Hauksdóttir,
fyrirv. borgarfulltrúi

Nýr sveitarstjóri í Rangárþingi ytra



Jón G. Valgeirsson hefur
verið ráðinn sveitarstjóri
Rangárþings ytra. Jón er fæddur
og uppalinn í Þverspyrnu í
Hrunamannahreppi og er 54 ára.
Hann er lögfræðingur að mennt
og hefur verið starfandi sveitar-
stjóri á Suðurlandi síðustu 15 ár.
Jón hefur því mikla reynslu af
málafnum og stjórnsýslu sveitar-
félaga, auk þess að hafa komið að
og stýrt fjölmörgum verkefnum
á vegum Samtaka sunnlenskra
sveitarfélaga. Jón er í sambúð
með Guðbjörgu Viðarsdóttur
kennara frá Svanavatni í Austur-
Landeyjum og eiga þau saman
tvö hálfuppkomin börn. Jón mun
hefja störf þann 15. ágúst n.k.
og stefnir fjölskyldan á að flytja
í sveitarfélagið þegar hentugt
húsnæði finnst. Ráðningar-
samningur tekur formlega gildi
þegar hann hefur verið staðfestur
á fundi sveitarstjórnar.

“Ég er þakklátur og
aðmjúkur fyrir að hafa verið

treyst fyrir svo mikilvægu starfi
fyrir samfélagið héna. Það
eru mörg spennandi verkefni
framundan í sveitarfélaginu sem
er í örum vexti og á sannarlega
framfærðina fyrir sér. Ég hlakka
til að takast á við verkefnið, sem
framundan eru og setja mig inn
í rekstur sveitarfélagsins sem
og heyra í starfsfólki, íbúum,
forsvarsmönnum atvinnulífsins
og samfélaginu öllu um það
helsta sem á þeim brennur”,
sagði Jón.

“Við erum mjög ánægð að fá
Jón til starfa fyrir sveitarfélagið
okkar og væntum mikils af hans
störfum á næstu árum. Mig langar
fyrir hönd sveitarstjórnar og íbúa
sveitarfélagsins að bjóða Jón
og hans fjölskyldu hjartanlega
velkominn hingað til okkar í
Rangárþing ytra”, sagði Eggert
Valur Guðmundsson oddviti
sveitarstjórnar þegar gengið var
frá ráðningu Jóns.

AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, og Skeiða- og Gnúpverjahreppur



Samkvæmt 2. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt niðurstaða sveitarstjórnar vegna samþykktar á tillögu aðalskipulags.

1. Endurskoðun aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032 - 1506033

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 15. júní 2022 gildistöku nýs aðalskipulags sveitarfélagsins eftir auglýsingu. Umsagnir og athugasemdir bárust á auglýsingatíma sem sveitarstjórn telur að búið sé að bregðast við og svara með fullnægjandi hætti innan greinargerðar skipulagsins. Niðurstaða hreppsnefndar Grímsnes- og Grafningshrepps er tilkynnt hér með.

Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur aðalskipulagsbreytinga og skipulagslýsinga eftirfarandi skipulagsáætlana:

2. Bæjarás veiðihús L233313; Laxárdalur við Stóru-Laxá (svæði AF2); Aðalskipulagsbreyting - 2206010

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 15.6.2022 að auglýsa lýsingu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til Bæjarás, veiðihús í Laxárdal við Stóru-Laxá. Fyrirhuguð breyting á aðalskipulagi felur í sér breytingu á afþreyingar- og ferðamannasvæðinu Stóra-Laxá, veiðihús (svæði AF2) í landi Laxárdals. Með breytingunni verður AF2 tvískipt svæði þar sem gert er ráð fyrir nýju veiðihúsi að lóðinni Bæjarás veiðihús L233313. Breyting verður gerð á greinargerð aðalskipulags og skipulagsupprætti.

3. Klif L167134; Skilgreining landsvæðis; Aðalskipulagsbreyting - 2201035

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 7.4.2022 að vinna lýsingu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til jarðarinnar Klif, 167134. Í breytingunni felst að notkun landsins er skilgreind sem landbúnaðarsvæði í stað frístundasvæðis.

Samkvæmt 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur eftirfarandi skipulagslýsingar og deiliskipulagsáætlana:

4. Gattellsskáli, Skjaldborg og Lambahlíðar; Skipulagslýsing; Deiliskipulag - 2206049

Sveitarstjórnir Grímsnes- og Grafningshrepps og Bláskógabyggðar samþykktu á fundum sínum þann 6.7.2022 og 29.6.2022 skipulagslýsingu til kynningar sem tekur til deiliskipulagstillagna fyrir fjallaselin Gattellsskála, Skjaldborg og Lambahlíðar. Gattellsskáli er í Bláskógabyggð en í eigu Grímsnes- og Grafningshrepps, Skjaldborg er í Bláskógabyggð og þar eru skálar í eigu beggja sveitarfélaga. Lambahlíðar eru í Grímsnes- og Grafningshreppi og eru skálar þar í einkaeigu. Með gerð deiliskipulags verður settur rammi um starfsemi og framkvæmdir á hverju svæði fyrir sig.

5. Skálar á Holtamannafrétt; Skipulagslýsing; Deiliskipulag - 2206044

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti á fundi sínum þann 29.6.2022 skipulagslýsingu til kynningar sem tekur til deiliskipulagningar 4 skálasvæða á Holtamannafrétti. Skálararnir eru Hald, Hvanngiljahöll, Versalir og Gása gustur. Með gerð deiliskipulags verður settur rammi um starfsemi og framkvæmdir á hverju skálasvæði fyrir sig.

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana:

6. Stóra-Hof L203207; Deiliskipulagsbreyting - 2205041

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 15.6.2022 að auglýsa breytingu á deiliskipulagi sem tekur til Stóra-Hofs, L203207. Gerðar eru breytingar á upprætti og greinargerð skipulagsins.

7. Heiðarbær við Þingvallavatn; Frístundabyggð; Deiliskipulag - 2206013

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 29.6.2022 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til frístundabyggðarinnar Heiðarbæjar við Þingvallavatn. Markmið deiliskipulagsins er að hafa til staðar deiliskipulag sem gefur heildarmynd af svæðinu þar sem lóðarmörk, aðgengi og gönguleiðir eru skýrar. Jafnframt að fylgja eftir stefnu Bláskógabyggðar um að til skuli vera deiliskipulag fyrir eldri frístundasvæði. Með deiliskipulagsgerðinni er unnið að því að samþætta lóðarmörk, auka skilvirkni við umsýslu á lóðum ásamt því að ramma inn svæðið og nýtingu þess í heild og einstaka þætti þess s.s. innviði, náttúruvernd og aðgengi.

8. Áskot L165263; Deiliskipulag - 2204011

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti á fundi sínum þann 29.6.2022 að auglýsa deiliskipulag sem tekur til jarðarinnar Ásakots. Í deiliskipulaginu felst skilgreining byggingarreita og byggingarheimilda sem taka m.a. til véla-skemmu, reiðhallar og hesthúss, viðbyggingar við núverandi skemmu og reitar fyrir gistihús og tækjaskúr.

9. Flóaskóli og Þjórásarver; Skólasvæði og félagsheimili; Deiliskipulag - 2204025

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 5.7.2022 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til svæðisins við Flóaskóla og Þjórásarver. Innan deiliskipulagstillögu eru skilgreindar heimildir fyrir framtíðaruppbyggingu innan svæðisins.

10. Heiðarbær Stórholt L166345, Heiðarbær Litlaholt L204983 og Smáholt L208386; Deiliskipulag - 1907022

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 5.7.2022 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til smábýlalóða í landi Heiðarbæjar. Alls er gert ráð fyrir 11 lóðum innan skipulagssvæðisins þar sem heimilt verði að byggja íbúðarhús, gestahús og útihús eða vélageymslu.

11. Loftstaðir-Vestri; verslunar- og þjónustusvæði; Deiliskipulag - 2204020

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 5.7.2022 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til jarðarinnar Loftstaða-Vestri. Innan deiliskipulagsins er gert ráð fyrir heimildum er varðar uppbyggingu á allt að 11 gistihúsum 40-75 fm að stærð hvert auk þess sem gert er ráð fyrir heimild fyrir uppbyggingu þjónustuhúss allt að 120 fm að stærð. Auk þess er gert ráð fyrir heimild fyrir uppsetningu tjalda til útleigu fyrir gistingu.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni www.utu.is. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna: www.asahreppur.is, www.blaskogabyggd.is, www.gogg.is, www.floahreppur.is og www.skeidgnup.is

Mál nr. 2 - 5 innan auglýsingar eru skipulagsmál í kynningu frá 14. júlí 2022 til og með 5. ágúst 2022.

Mál nr. 6 - 11 innan auglýsingar eru skipulagsmál í auglýsingu frá 14. júlí 2022 með athugasemdafrest til og með 26. ágúst 2022.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið skipulag@utu.is

Vígfús Þór Hróbjartsson
Skipulagsfulltrúi UTU

Iðla Marsibil Jónsdóttir er nýr sveitarstjóri Grímsnes- og Grafningshrepps

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti samhljóða á fundi sínum í liðinni viku að ráða Iðu Marsibil Jónsdóttur í starf sveitarstjóra. Iða hefur undanfarin ár starfað sem mannauðs- og skrifstofustjóri hjá Arnarlaxi og tekið virkan þátt í mikilli uppbyggingu fyrirtækisins á Vestfjörðum. Kjörtímabilið 2018 – 2022 gengdi Iða embætti forseta bæjarstjórnar Vesturbyggðar og hefur því góða innsýn inn í stjórnsýslu sveitarstjórnarmála. Iða er viðskiptafræðingur að mennt og leggur stund á MBA-nám við Háskólann í Reykjavík.

Iða Marsibil er sveitarféluginu ekki ókunn en hún bjó um skeið á Borg í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Iða mun hefja störf þann 25. júlí næstkomandi og biða hennar veigamikil og spennandi verkefni.

Ása Valdís Árnadóttir, oddviti sveitarstjórnar: „Það er ánægjulegt að fá Iðu Marsibil í starf sveitarstjóra Grímsnes- og Grafningshrepps. Hún kemur með ferska sýn á verkefni og ég er sannfærð um að hún muni reynast sveitarfélaginu öflugur liðsstyrkur í þeim verkefnum sem framundan eru. Við bjóðum Iðu velkomna til starfa



Iða Marsibil Jónsdóttir

og hlökkum til samstarfsins.“

Iða Marsibil Jónsdóttir, nýr sveitarstjóri: „Ég er virkilega spennt fyrir komandi verkefnum í nýju hlutverki, einnig er ég þakklát fyrir það traust sem sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps sýnir mér með ráðningunni. Grímsnes- og Grafningshreppur er frábærlega vel staðsett sveitarfélag með mikla möguleika, svæðið er mér hugleikið og hlakka ég til að taka þátt og leggja mitt af mörkum í þeirri vinnu sem framundan er.“

Tilnefningar til umhverfisverðaðna Árborgar 2022



Ávefsíðu sveitarfélagsins Árborgar var á dögunum auglýst eftir tilnefningum til umhverfisviðurkenninga sumarið 2022.

Viðurkenningarnar verða afhentar á Sumar á Selfossi dagana 4. til 7. ágúst. Veittar eru viðurkenningar fyrir eftirfarandi:

Fallegasta garðinn, fallegustu götuna, snyrtilegasta fyrirtækið eða stofnun og fyrir framúrskarandi starf að umhverfismálum í sveitarfélaginu. Hægt er að senda ábendingar til nefndarinnar á netfangið: arborg@arborg.is fyrir 20. júlí nk.



534 9600
www.heyirn.is



LOFTNET NETSJÓNVARP
þekking og reynsla
UPPSETNING OG VIÐGERÐIR
Loftnet – Gervihnattaþjónusta
Rafvirkjun – Ljósleiðaratengingar
Tölvulagnir – Símalagnir
Bústaðir – Húsíðar
Loftnetstaekni.is
sími 894 2460 – Selfoss

Hjólbarðþjónusta Magnúsar
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151

Hjólbarðar
Betri vörur - betra verð

VÉLSMIÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala Rennismiði Innréttingar Járnsmíði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaviðgerðir - Almennar raflagnir

ÁRBORG TAXI
482 1333
arborgtaxi@gmail.com

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
Viltu vekja athygli á Suðurlandi?
Sími 482 1944
auglysingar@dfs.is

Jiibbiíi
Siggafærdir
- Flutningaþjónusta -
Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur
Sími 772 6010

Lagnaþjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

FYLGDI
Útfaraþjónusta
Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson
Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar
Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

NÝTT
Vinnuvélanámskeið á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is

BRAC AF VINÁTTU!
Fæst hjá BYKO Selfossi

ÖKULAND
Meirapróf
Endurmenntun
Akstursþjálfun
okuland.is

Rétting og málun
Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun
Breiðumýri 1, Selfossi
Sími 480 8020

Bilasprautun - Bilaréttingar - Bílrúðuskipti
Bilverk BA
Þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is